

Minnisblað

Dagsetning: 23.10.2024
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun – NÁTT
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands – NSV

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2024 – Vöktun hagamúsa (*Apodemus sylvaticus*)

Markmið vöktunar er að mæla þéttleika og samsetningu hagamúsa (1. mynd) á tilgreindu svæði í Heiðmörk og fylgjast með breytileika milli ára.

Framkvæmd


Aðferðafræði við lífgildruveiðar var samkvæmt lýsingu í doktorsritgerð Esterar R. Unnsteinsdóttur (ERU).¹ Breyta þurfti vöktunarsvæðinu frá fyrra ári og leggja út sex ný snið (K-P) þar sem malbikaður göngustígur hafði verið lagður í gegnum hraunið og lá um fyrstu sex snið (A-F) vöktunarsvæðis (2. mynd, Viðauki 1). Alls voru 100 gildrustöðvar hnitsettar, 10 snið með 10 stöðvum hvert. Bil milli gildra var um 20 m, sem miðaðist þéttleika músa í skóglendi.¹ Fyrir veiðar, þann 30.09.2024 voru sniðin gengin með GPS tæki og athugað með stöðu hæla frá fyrra ári (hælar teknir upp af aflögðum sniðum, A-F) og ný snið lögð út (K-P) (Viðauki 2A). Hver hæll var merktur viðkomandi gildrustöð (bókstafur og númer). Þar sem um langtíma vöktun er að ræða voru hælar skildir eftir á gildrustöðvum.

Undirbúningur gildra fór fram á NÁTT í Urriðaholti þann 04.10.2024. Gildrur voru settar saman, ull sett í þær til einangrunar (frá ÍSTEX) og ca. fjórar matskeiðar af höfrum (Viðauki 2 B, C). Að undirbúningi loknum var gildrunum komið fyrir í strigapokum, 20 í hvern poka. Þann 07.10.2024 var gildrum komið haganlega fyrir á gildrustöðvum. Á veiðitímabilinu voru ull og hafrar endurnýjuð í hverri þeirri gildru sem veiddi mús. Veiðum lauk laugardaginn 12.10.2024 og þá voru gildrur teknar inn, þrífarnar og settar í geymslu á NÁTT.

Starfsfólk NSV hafði aðstöðu á NÁTT á meðan veiðum stóð. Veiðar fóru alfarið fram af starfsfólki NSV (SG, SVF) enda nægilega vant og komið með tök á verklagi. Veiddar mýs voru merktar, vigtaðar, kyngreindar og lífsýni tekin skv. viðurkenndu verklagi (Viðauki 2 D, E, F). Tveir framhaldsnemar undir leiðsögn ERU, þeir Viktor Árnason og Ölvir Styrmisson, komu með starfsfólki NSV á veiðar hluta veiðitímans, Viktor til að safna músaskít úr gildrum fyrir meistaraverkefni sitt og Ölvir til gróðurgreininga fyrir áætlað doktorsverkefni sitt.



1. mynd. Hagamús í Heiðmörk í október 2024. Mynd: SG.



2. mynd. Gildrustöðvar músavöktunar NSV í Heiðmörk. Breyta þurfti rannsóknarsvæði vegna göngustígs sem lagður var um fyrstu sex snið þess sumarið 2024. Ný snið voru því lögð út frá rannsóknarsvæðinu til austurs og samanstendur hið nýja svæði nú sem fyrr af tíu sniðum (G-P) með tíu stöðvum hvert, um 20 m voru hafðir á milli gildrustöðva. Kort: SG.

Frumniðurstöður

Búið er að setja inn allar upplýsingar um músaveiðarnar í sameiginlegt Excel skjal á vinnusvæði verkefnisins Vöktun náttúruverndarsvæða á Teams, í möppuna *Faghópur - Spendýr*. Var þeim tilmælum komið til rannsakenda að færa gögnin þangað inn þar sem vinna við þann hluta gagnagrunns NÍ sem snýr að músavöktuninni er ólokið.

Framkvæmd verkefnisins gekk vel. Heildarafli var lágur árið 2024, en alls veiddust tveir einstaklingar á veiðitímabilinu og endurveiði var aðeins ein talsins. Báðir veiddir einstaklingar voru kvendýr.


Heimildir

1. Ester Rut Unnsteinsdóttir 2014. The wood mouse *Apodemus sylvaticus* in Iceland: Population dynamics and limiting factors at the northern edge of the species' range. Ritgerð til doktorsprófs. Háskóli Íslands, Verkfræði og náttúruvísindasvið. 108 bls.

Viðaukar

Viðauki 1. Staðsetning 100 gildrustöðva í hagamúsaveiðum í Heiðmörk árið 2024.

Gildrunúmer	Breiddarbaugur (N°)	Lengdarbaugur (W°)	Gildrunúmer	Breiddarbaugur (N°)	Lengdarbaugur (W°)
G01	64,07587219	-21,907548811	L01	64,075501962	-21,905569509
G02	64,07602256	-21,907271370	L02	64,075620063	-21,905290810
G03	64,07614066	-21,907009687	L03	64,075745037	-21,905003982
G04	64,07626304	-21,906733839	L04	64,075872358	-21,904712291
G05	64,07639665	-21,906462684	L05	64,076002277	-21,904433509
G06	64,07653059	-21,906185243	L06	64,076132197	-21,904148357
G07	64,07666487	-21,905896068	L07	64,076262200	-21,903863205
G08	64,07678565	-21,905640671	L08	64,076450039	-21,903560031
G09	64,07691884	-21,905348478	L09	64,076500162	-21,903323410
G10	64,07703384	-21,905057710	L10	64,076627651	-21,903018979
H01	64,07576825	-21,907216134	M01	64,075405486	-21,905231131
H02	64,07592131	-21,906933077	M02	64,075522078	-21,904945811
H03	64,07604083	-21,906668628	M03	64,075640934	-21,904672226
H04	64,07616681	-21,906396383	M04	64,075762387	-21,904411549
H05	64,07629816	-21,906118775	M05	64,075891804	-21,904151374
H06	64,07643084	-21,905838149	M06	64,076018790	-21,903871922
H07	64,07656470	-21,905562887	M07	64,076132281	-21,903598001
H08	64,07669236	-21,905297935	M08	64,076262200	-21,903293235
H09	64,07681909	-21,905007586	M09	64,076390695	-21,902997522
H10	64,07694206	-21,904717740	M10	64,076524554	-21,902709268
I01	64,07566717	-21,906871805	N01	64,075301718	-21,904873643
I02	64,07582022	-21,906588748	N02	64,075420741	-21,904595280
I03	64,07593849	-21,906321114	N03	64,075544961	-21,904322030
I04	64,07606707	-21,906049289	N04	64,075666415	-21,904054983
I05	64,07620998	-21,905819960	N05	64,075800022	-21,903670002
I06	64,07632976	-21,905493820	N06	64,075922566	-21,903456431
I07	64,07643998	-21,905119987	N07	64,076149967	-21,903189970
I08	64,07658641	-21,904953020	N08	64,076172849	-21,902906662
I09	64,07671960	-21,904660743	N09	64,076288184	-21,902642548
I10	64,07684189	-21,904361174	N10	64,076417685	-21,902364772
J01	64,07556332	-21,906533092	O-01	64,075200465	-21,904529147
J02	64,07571914	-21,906244503	O-02	64,075325271	-21,904241312
J03	64,07581997	-21,905939989	O-03	64,075440858	-21,903970828
J04	64,07593003	-21,905739997	O-04	64,075567089	-21,903702524
J05	64,07607998	-21,905319979	O-05	64,075685358	-21,903432626
J06	64,07619003	-21,905059973	O-06	64,075803123	-21,903175469
J07	64,07636438	-21,904865932	O-07	64,075929606	-21,902900878
J08	64,07646999	-21,904629981	O-08	64,076057095	-21,902600890
J09	64,07661986	-21,904319935	O-09	64,076179974	-21,902320599
J10	64,07672002	-21,903990023	O-10	64,076310396	-21,902045421
K01	64,07546550	-21,906162612	P-01	64,075120334	-21,904156068
K02	64,07560581	-21,905908305	P-02	64,075289983	-21,904009972
K03	64,07571034	-21,905636815	P-03	64,075354021	-21,903598756
K04	64,07583104	-21,905356860	P-04	64,075467009	-21,903323494
K05	64,07596003	-21,905010017	P-05	64,075586619	-21,903066672
K06	64,07609741	-21,904758895	P-06	64,075706648	-21,902797110
K07	64,07624502	-21,904483382	P-07	64,075838327	-21,902504414
K08	64,07636572	-21,904224632	P-08	64,075979143	-21,902209288
K09	64,07649714	-21,903944761	P-09	64,076109985	-21,901909970
K10	64,07660343	-21,903643515	P-10	64,076227164	-21,901693214



Viðauki 2. Hagamúsaveiðar í Heiðmörk árið 2024. A) Ný snið sett út, B) merkingar og sýnatökur undirbúnar, C) hagamús tilbúin í sýnatöku og merkingu, D) snjóförlá yfir öllu þann 10. október, E) starfsfólk NSV og ÖS við mælingar á veiddri mús, F) hér sést vel hvernig bleikmerktan vinstri framfót slepptrar hagamúsar. Myndir: SG.